



516. fundur stjórnar SASS

haldinn í Félagsheimilinu Aratungu í Bláskógabyggð

föstudaginn 3. febrúar 2017 kl. 12:00

Mætt: Gunnar Þorgeirsson formaður, Anna Björg Níelsdóttir, Lilja Einarsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Eva Björk Harðardóttir, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson og Sæmundur Helgason. Páll Marvin Jónsson tengdist fundinum með fjarfundabúnaði. Einnig sat fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritaði fundargerð. Á fundinn kom einnig fulltrúi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar Helgi Kjartansson, oddviti.

Formaður bauð fundarmenn velkomna á fund stjórnar í sveitarfélaginu Bláskógabyggð.

Heimsókn til sveitarstjórnar Bláskógabyggðar.

Helgi, oddviti Bláskógabyggðar, tók undir orð formannsins og fagnaði því að stjórnarfundur SASS væri haldinn í Félagsheimilinu í Aratungu. Hann var með fróðlega kynningu á helstu málefnum sveitarfélagsins. Hann svaraði framkomnum spurningum og umræður voru um málefni sveitarfélagsins.

1. Fundargerð

Fundargerð 515. fundar undirrituð.

2. Laun stjórnar og nefnda

Formaður kynnti málið. Hann lagði til við stjórn að þóknarir sem SASS greiðir til stjórnar, fulltrúa í ráðum og nefndum á vegum samtakanna skuli áfram taka mið af þingfara kaupum. Þó verði horfið frá 44% hækkun Kjararáðs frá 29. október sl. Þess í stað skuli laun framangreindra hópa hækka um 1,8% sem jafngildir breytingu á launavísitölu frá júlí til loka desember 2016. Til að ná framangreindu fram þarf að lækka núverandi hlutfall launa af þingfara kaupum, eins og það var samþykkt á liðnu ársþingi. Hlutfallið breytist með eftirfarandi hætti 3% lækkar í 2,1%, 4% lækkar í 2,8%, 4,5% lækkar í 3,2% og 10% lækkar í 7,3%. Framvegis skal við útreikninga á þóknun miða við framangreint. Stjórn samþykkir framangreint og vísar þessu til staðfestingar aðalfundar samtakanna.

3. Almenningsamgöngur

Stjórn SASS skorar á samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að beita sér fyrir úrbótum á lagaumhverfi almenningsamgangna. Nauðsynlegt er að tryggja landshlutasamtökunum einkaleyfi almenningsamgangna eins og kemur fram í samningum milli Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga og Vegagerðarinnar. Leggja verður áherslu á að einkaréttur landshlutasamtakanna til að starfrækja

almenningsamgöngur á tilteknum leiðum og svæðum verði virtur og að þeim rétti sé veitt ríkari vernd í lögum. Gera verður skýrari greinarmun á almenningssamgöngum og farþegaflutningum í atvinnuskyni. Þá skorar stjórnin á þingmenn að standa vörð um almenningssamgöngur á Suðurlandi sem og landinu öllu og tryggja að þær séu raunhæfur valkostur fyrir almenning.

Formaður kynnti breytingu á tímatöflu Strætó á milli Þorlákshafnar og Hveragerðis en fyrsta ferð hefur verið lögð niður og þess í stað hefur ferð verið bætt við eftir hádegi á virkum dögum. Breytingin tók gildi 29. janúar sl.

4. Sjúkraþyrlur á Suðurlandi

Formaður kynnti verkefni sem tengist hugmyndum um rekstur á sjúkraþyrla á Suðurlandi. Stjórnin telur þetta mikið hagsmunamál fyrir landshlutann. Hún leggur til við verkefnisstjórn Sóknaráætlunar að skoða þetta nánar og kannaður verði möguleiki á að þetta yrði eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar árið 2017. Markmiðið verkefnisins er að kanna möguleika á rekstri sjúkraþyrlu á Suðurlandi.

5. Þekkingarsetrið Nýheimar

Formaður lagði til að fyrir hönd samtakanna yrðu skipaðir í stjórn þekkingarsetursins í Nýheimum Bjarni Guðmundsson sem aðalmaður og Gunnar Þorgeirsson sem varamaður.

6. Önnur mál til kynningar, umræðu og afgreiðslu

a) Tilnefningar SASS í skólanefndir framhaldsskóla

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur óskað eftir tilnefningum í skólanefndir framhaldsskólanna til næstu fjögurra ára. Á nýliðnu ársþingi samtakanna var samþykkt að tilnefna eftirtalda í skólanefndir framhaldsskólanna.

Skólanefnd Fjölbrotaskóla Suðurlands (FSu)

Aðalmenn: Elín Einarsdóttir og Jón G. Valgeirsson

Varamenn: Halldóra Hjörleifsdóttir og Benedikt Benediktsson

Skólanefnd Menntaskólans á Laugarvatni (ML)

Aðalmenn: Gunnar Þorgeirsson og Eydís Indriðadóttir

Varamenn: Friðrik Sigurbjörnsson og Kristín Þórðardóttir

Stjórn SASS staðfestir framangreint.

b) ART verkefnið

Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir stöðu verkefnisins. Gengið hefur verið frá ráðningu nýs starfsmanns, Katrínar Þrastardóttur, í teymið. Hún hefur störf á næstu vikum. Stjórn býður hana velkomna til starfa.

Stjórn SASS áréttar nauðsyn ART verkefnisins og hvetur félags- og jafnréttismálaráðherra til að ganga strax frá nýjum samningi um ART

verkefnið og að gildistími hans sé til fimm ára þannig að hægt verði að eyða óvissu og halda áfram þessu mikilvæga verkefni.

c) Sóknaráætlun Suðurlands

Formaður verkefnisstjórnar sagði frá fundi sem stjórn verkefnisins hélt nýlega með ráðgjöfum samstarfsaðila sem tengjast Uppbyggingarsjóði og fulltrúa fagráðs. Til umræðu var starfið framundan, möguleg áhersluverkefni, áherslur og markmið Uppbyggingarsjóðs og breytingar á verklagsreglum.

d) Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Formaður sagði frá fyrirhuguðum fundi með heilbrigðisráðherra í næstu viku. Stjórn SASS áréttar mikilvægi öflugrar heilsugæslu í heimabyggð. Nauðsynlegt er að efla fjársveltur heilsugæslustöðvar innan HSU. Jafnframt er nauðsynlegt að bjóða upp á fæðingarþjónustu í Vestmannaeyjum.

Vaxandi ferðamannastraumur hefur leitt af sér gífurlega aukningu í sjúkraflutningum ásamt því að valda verulega auknu álagi á fagfólk heilbrigðisstofnana. Hvort tveggja veldur miklum kostnaðarauka fyrir HSU.

e) Hjúkrunarrými á Suðurlandi

Stjórn SASS fagnar fyrirhugaðri byggingu nýs hjúkrunarheimilis í Sveitarfélaginu Árborg og hvetur til að þar verði að lágmarki 60 rými í fyrsta áfanga með stækkunarmöguleika heimilisins í allt að 80. Jafnframt áréttar stjórn nauðsyn þess að útrýma tvíbýlum á hjúkrunarheimilum á Suðurlandi.

f) Þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar

Formaður kynnti þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar sem lögð var fram í janúar sl.

g) Tillaga að sameiginlegri lögreglusamþykkt fyrir Suðurland

Formaður kynnti drög að sameiginlegri lögreglusamþykkt fyrir Suðurland án Vestmannaeyja. Starfshópnum er falið að senda samþykktina til ráðuneytis samgöngu- og sveitarstjórna til umsagnar og í framhaldi að senda hana til sveitarstjórna á Suðurlandi til umfjöllunar og afgreiðslu.

h) Fundur með skipulagsstofnun

Formaður fór yfir fund sem haldinn var með fulltrúum Skipulagsstofnunar en á nýliðnu ársþingi samtakanna kom fram að sveitarfélögin á Suðurlandi telja að samskipti stofnunarinnar við aðildarsveitarfélögin í tengslum við skipulagsgerð á miðhálandi landshlutans séu ekki nógu góð. Um er að ræða ólíka túlkun á Landskipulagsstefnu.

Á fundinum var áréttað mikilvægi þess að Skipulagsstofnun og sveitarfélögin túlki Landskipulagsstefnu á sama hátt og einnig var farið yfir ýmiss túlkunaratriði svo að sveitarfélögin geti skipulagt svæði innan sveitarfélagamarka og stuðli þannig að verndun og uppbyggingu í samræmi við stefnuna. Loks var áréttað að skipulagsvaldið er hjá sveitarfélögum.

i) Fundur með formönnum stjórnarmálaflokka á Alþingi, landshlutasamt. o.fl.

Formaður sagði frá fundi sem haldinn var í janúar sl.



j) Nýtt firmamerki SASS

Framkvæmdastjóri kynnti nýtt firmamerki SASS og hvernig nota ætti það í kynningarstarfi samtakanna. Stjórn samþykkti framkomna breytingar.

Næsti fundur verður haldinn hjá SSV og Eyþingi 2. – 3. mars nk.

Fundi slitið kl. 14:45.

Gunnar Þorgeirsson
Lilja Einarsdóttir
Unnur Þormóðsdóttir
Eva Björk Harðardóttir
Sæmundur Helgason
Anna Björg Níelsdóttir
Páll Marvin Jónsson
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Eggert Valur Guðmundsson
Bjarni Guðmundsson